



Íþróttamiðstöðin Borg

Vetraropnun hefst 23. ágúst 2015

Mánud., þriðjud., miðvikud. og fimmtudaga
kl. 14:00 - 22:00

Föstudaga lokað.

Laugardaga og sunnudaga kl. 11:00 - 18:00

Hætt er að hleypa ofan í laugina 20 mínútum fyrir lokun.

Heimasíða: www.gogg.is Netfang: sundlaug@gogg.is

Sími 480 5530

Þjónustuaðilar í Grímsnes- og Grafningshreppi

www.gogg.is

Allar fundargerðir má finna inn á www.gogg.is

Ritstjóri Hvatarblaðsins er Linda Sverrisdóttir.

Ábyrgðarmaður: Ingibjörg Harðardóttir.

Efni í blaðið berist fyrir 1. hvers mánaðar á eftirfarandi netföng:

linda@gogg.is eða gogg@gogg.is



September 2015

HVATARBLAÐIÐ

Fjallferðir og réttir 2015

Grímsnes

Farið verður á fjall í **Grímsnesi**
föstudaginn 11. september.

Réttað verður í **Kringlumýri** þriðjudaginn
15. september kl. 10:00.

Klausturhólaréttir verða
miðvikudaginn 16. september kl. 10:00.

Veðurspá/veður getur haft áhrif á allar
dagsetningarnar.



Grafningur

Farið verður á fjall í **Grafningi**
föstudaginn 18. september.

Grafningsréttir verða
mánudaginn 21. september kl. 9:45.



FUNDARGERÐ.

373. fundur sveitarstjórnar Grímsnes- og Grafningshrepps var haldinn í stjórnsýsluhúsinu Borg, miðvikudaginn 19. ágúst 2015 kl. 9.00 f.h.

Fundinn sátu:

Hörður Óli Guðmundsson

Ingibjörg Harðardóttir

Björn Kristinn Pálmarsson í fjarveru Gunnars Þorgeirssonar

Sigrún Jóna Jónsdóttir

Guðmundur Ármann Pétursson

Fundargerðin var færð í tölvu og hana ritaði Ingibjörg Harðardóttir.

1. Fundargerð sveitarstjórnar Grímsnes- og Grafningshrepps frá 1. júlí 2015.

Fundargerð sveitarstjórnar Grímsnes- og Grafningshrepps frá 1. júlí 2015 liggur frammi á fundinum.

2. Fundargerðir.

a) 93. fundur Skipulagsnefndar Uppsveita, 9. júlí 2015.

Mál nr. 10, 11, 12 og 18 þarfnast staðfestingar sveitarstjórnar.

Lögð fram 93. fundargerð Skipulagsnefndar Uppsveita, dags. 9. júlí 2015. Eftirfarandi dagskrárliðir þarfnast afgreiðslu sveitarstjórnar;

**Mál nr. 10: 1504035 - Rimahverfi: Frístundasvæði:
Klausturhólar: Deiliskipulag.**



Vilt þú starfa í hjálparsveit ?

Nú er tækifærið, því hjálparsveitin Tintron verður með nýliðakynningu miðvikudagskvöldið

9. september kl. 20:00

í húsnæði sveitarinnar að Borg.

14 til 18 ára unglinga deild

18 ára og eldri.



SÓLHEIMAR
SJÁLFBÆRT SAMFÉLAG

Óskum eftir fólki í afleysingar í haust og vetur.

Starfið felst í ýmsum stuðningi við fólk með fötlun.

Nánari upplýsingar gefur Jóhanna Magnúsdóttir,
forstöðumaður félagsþjónustu, s. 855-6016 eða
johanna.magnusdottir@solheimar.is

Saumakompan Kringlu Grímsnesi



*Fataviðgerðir, gardínusaumur
og ýmiskonar einfaldur
saumaskapur*

Elsa Jónsdóttir
Sími 486 4515



ORMSSTAÐIR



Fjölskyldurekið
svínabú

ÍSLENSKT SVÍNAKJÖT, beint frá bónda :)

Heimasala

Opið eftir samkomulagi

Sími 771-4465

Sjá www.ormsstadir.is

**Við erum líka á facebook, Ormsstaðir.
Pantanir og allar upplýsingar
í síma 771 - 4465**



Kæru heldriborgarar!

**Sundlaugin er opin fyrir ykkur á
mánudags- og fimmtudagsmorgnum**

frá kl. 10:00—12:00.

Frítt inn og kaffi á könnunni !

GÆS

Við erum tveir kallar sem langar að fá að veiða gæs í haust, er einhver landeigandi sem vill leyfa okkur að liggja fyrir gæs?

Ef svo er þá er síminn 892 - 0214. Pálmar

Fyrir liggur að lokinni auglýsingu skv. 1. mgr. 41. gr. Skipulagslaga tillaga að deiliskipulagi fristundabyggðar í landi Klausturhóla, Rimahverfi. Tillagan var auglýst 13. maí 2015 með athugasemdafrest til 25. júní. Ein athugasemd barst auk þess sem borist hefur ný umsögn frá Heilbrigðiseftirliti Suðurlands. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða deiliskipulagið með breytingum á greinargerð til að koma til móts við athugasemdir Heilbrigðiseftirlits Suðurlands. Varðandi athugasemd um stærð lóðar þá kemur fram í deiliskipulaginu að afmörkun og stærð lóða er með fyrirvara um nákvæmari mælingar á staðnum.

Mál nr. 11: 1507005 - Hestvíkurvegur 16, 18, 20, 22, 24 og Réttartjarnarvegur 1, 3 og 5: Nesjar: Deiliskipulagsbreyting.

Fyrir liggur umsókn um breytingu á deiliskipulagi í landi Nesja sem nær til 8 lóða við Hestvíkurveg og Réttartjarnarveg. Ástæða breytingarinnar er að verið er að lagfæra hnitsetta afmörkun þessara 8 lóða en ekki er verið að gera breytingu á skilmálum svæðisins. Að mati sveitarstjórnar er um óverulega breytingu að ræða og samþykkir hana skv. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga með fyrirvara um niðurstöðu grenndarkynningar fyrir eigendum þeirra lóða sem breytingin nær til.

Mál nr. 12: 1507008 - Kiðjaberg og Hestland: Dreifikerfi hitaveitu: Framkvæmdaleyfi.

Fyrir liggur umsókn um framkvæmdaleyfi fyrir lagningu dreifkerfis hitaveitu í landi Kiðjabergs og Hests í Grímsnes- og Grafningshreppi. Verða lagnir lagðar meðfram vegum á svæðinu þar sem þegar hefur verið lögð rafveita og vatnsveita og er því ekki farið yfir óhreyft land. Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við að veitt verði framkvæmdaleyfi í samræmi við ofangreinda umsókn.

Mál nr. 18: 1507001F - Afgreiðslur byggingarfulltrúa - 15-10.

Lagðar fram til kynningar afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 1. júlí 2015.

b) 94. fundur Skipulagsnefndar Uppsveita, 10. ágúst 2015.

Mál nr. 1, 2, 3, 4, 5 og 21 þarfnast staðfestingar sveitarstjórnar.

Lögð fram 94. fundargerð Skipulagsnefndar Uppsveita, dags. 10. ágúst 2015. Eftirfarandi dagskrárliðir þarfnast afgreiðslu sveitarstjórnar;

Mál nr. 1: 1507030 - Ásgarður 168229: Ásgarður vegsvæði: Stofnun lóðar.

Fyrir liggur umsókn Vegagerðarinnar, dags. 20. júlí 2015 um stofnun lóðar sem nær til svæðis úr landi Ásgarðs (Inr. 168229) sem fer undir hluta Búrfellsvegar. Nær svæðið til þess hluta þar sem vegurinn er færður frá núverandi legu. Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við stofnun lóðarinnar og ekki er gerð athugasemd við landsskipti skv. 13. gr. jarðalaga.

Mál nr. 2: 1508004 - Suðurbakki 8: Ásgarður: Deiliskipulagsbreyting.

Fyrir liggur umsókn eigenda lóðarinnar Suðurbakki 8 í landi Ásgarðs, dags. 9. júlí 2015 þar sem óskað er eftir undanþágu frá ákvæðum deiliskipulags um mænisstefnu. Meðfylgjandi eru uppdráttir sem sýna fyrirhugaða legu hússins.

Að mati sveitarstjórnar er um svo óverulegt frávík frá skilmálum deiliskipulagsins að ræða að hagsmunir nággranna skerðast í engu hvað varðar landnotkun, útsýni, skuggavarp eða innsýn. Í samræmi við 3. mgr. 43. gr. skipulagslaga er því ekki talin þörf á að gera breytingu á deiliskipulagi svæðisins.

Mál nr. 3: 1501004 - Frístundabyggð Hagavík reitur B: Deiliskipulag.

Fyrir liggur bréf frá Skipulagsstofnun, dags. 10. júlí 2015 varðandi deiliskipulag frístundabyggðar í landi Hagavíkur, reit B. Einnig liggur fyrir bréf skipulagsráðgjafa um hvernig koma megi til móts við athugasemdir Skipulagsstofnunar.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða fyrirbyggjandi deiliskipulag með breytingum til að koma til móts við athugasemdir Skipulagsstofnunar. Stærð gestahúss minnkar úr 60 m² í 40 m² og uppdráttur er lagfærður.

Mál nr. 4: 1508010 - Tjarnarvík Inr. 222808: Íbúðarhús: Deiliskipulag.



Verslunin Borg

mánud. - laugard. 10:00 - 19:00

sunnudaga 11:00 - 18:00

Sími : 486-4408

Verið velkomin - alltaf heitt á könnunni

Verið velkomin Sími 486-8686

Þrástælundur í Þjóðbraut



Opið:

mánudaga til fimmtudaga 10:00 - 20:00

föstudaga til sunnudaga 10:00 - 21:00

Reglur um útivistartíma

Börn, 12 ára og yngri, mega ekki vera á almannafæri eftir klukkan 20.00 nema í fylgd með fullorðnum.

Börn, sem eru á aldrinum 13 til 16 ára, skulu ekki vera á almannafæri eftir klukkan 22.00, enda séu þau ekki á heimferð frá viðurkenndri skóla-, íþrótt- eða æskulýðssamkomu.

Á tímabilinu 1. maí til 1. september lengist útivistartími barna um tvær klukkustundir.

Aldursmörk þessa ákvæðis miðast við fæðingarár en ekki fæðingardag.



Tökum að okkur stór og smá verk:
jarðvinnu - tætingu - snjómokstur -
jarðheflun & fólksflutninga, 6-11 farþega.

Jóhannes og Guðmundur

Gsm: 848 - 1123 & 868 - 4115

Email: verktaki89@gmail.com

Facebook: Jarðvinnuverktaki Feðgaverk

Fyrir liggur tillaga að deiliskipulagi sem nær til Tjarnarvíkur (lnr. 222808) úr landi Hagavíkur við Þingvallavatn. Landið er um 37 ha að stærð en skipulagið gerir ráð fyrir einum 2.000 m² byggingarreit um 100 m frá vatnsbakka þar sem byggja má 300 m² íbúðarhús og 40 m² útihús.

Sveitarstjórn hafnar því að byggt verði íbúðarhús á þessu svæði heldur eingöngu frístundahús. Ef gera á ráð fyrir byggingu frístundahúss þá mælir sveitarstjórn með að afmörkuð verði minni lóð utan um húsið í stað þess að gera ráð fyrir að allt svæðið verði skráð sem frístundahúsalóð.

Mál nr. 5: 1504002 - Kiðjaberg: Frístundabyggð: Endurskoðað deiliskipulag.

Fyrir liggur bréf frá Skipulagsstofnun, dags. 4. ágúst 2015 um endurskoðun deiliskipulags Kiðjabergs. Einnig liggur fyrir tölvupóstur skipulagsráðgjafa, dags. 10. ágúst þar sem fram koma viðbrögð við athugasemdum og ábendingum Skipulagsstofnunar.

Sveitarstjórn frestar afgreiðslu málsins þar til fyrir liggur greinargerð frá umsækjendum um hvernig bregðast skuli við athugasemdum Skipulagsstofnunar.

Mál nr. 21: 1502002F - Afgreiðslur byggingarfulltrúa - 15-11.

Lagðar fram til kynningar afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 23. júlí 2015.

c) **Fundargerð 14. fundar stjórnar þjónustusvæðis vegna málefna fatlaðs fólks á Suðurlandi, 12. ágúst 2015.**

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

3. Beiðni frá Sýslumanninum á Suðurlandi um umsögn vegna leyfis til reksturs gististaðar í flokki II í Þórsstíg 30, Grímsnes- og Grafningshreppi.

Fyrir liggur bréf frá Sýslumanninum á Suðurlandi, dagsett 24. júlí 2015 um umsögn vegna leyfis til reksturs gististaðar í flokki II (sumarhús) í Þórsstíg 30, Grímsnes- og Grafningshreppi. Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við að leyfið verði veitt en óskar jafnframt eftir afriti af rekstarleyfi þegar það er gefið út.

4. Beiðni frá Sýslumanninum á Suðurlandi um umsögn vegna leyfis til reksturs gististaðar í flokki II í Skyggnisbraut 2b, Grímsnes- og Grafningshreppi.

Fyrir liggur bréf frá Sýslumanninum á Suðurlandi, dagsett 2. júlí 2015 um umsögn vegna leyfis til reksturs gististaðar í flokki II (sumarhús) í Skyggnisbraut 2b, Grímsnes- og Grafningshreppi. Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við að leyfið verði veitt en óskar jafnframt eftir afriti af rekstarleyfi þegar það er gefið út.

5. Beiðni frá Sýslumanninum á Suðurlandi um umsögn vegna leyfis til reksturs gististaðar í flokki II í Goðhólsbraut 11, Grímsnes- og Grafningshreppi.

Fyrir liggur bréf frá Sýslumanninum á Suðurlandi, dagsett 12. ágúst 2015 um umsögn vegna leyfis til reksturs gististaðar í flokki II (sumarhús) í Goðhólsbraut 11, Grímsnes- og Grafningshreppi. Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við að leyfið verði veitt en óskar jafnframt eftir afriti af rekstarleyfi þegar það er gefið út.

6. Beiðni frá Sýslumanninum á Suðurlandi um umsögn vegna leyfis til reksturs gististaðar í flokki II í Hraunborgum, Grímsnes- og Grafningshreppi.

Fyrir liggur bréf frá Sýslumanninum á Suðurlandi, dagsett 11. ágúst 2015 um umsögn vegna leyfis til reksturs gististaðar í flokki II (sumarhús) í Hraunborgum, Grímsnes- og Grafningshreppi.



Sjáumst á Grímsævintýrum 2016!

Tombólan alltaf jafn vinsæl:



Markaður og útisvæði:



Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við að leyfið verði veitt en óskar jafnframt eftir afriti af rekstarleyfi þegar það er gefið út.

7. Beiðni frá Sýslumanninum á Suðurlandi um umsögn vegna leyfis til reksturs gististaðar í flokki III í Ljósafossskóla, Grímsnes- og Grafningshreppi.

Fyrir liggur bréf frá Sýslumanninum á Suðurlandi, dagsett 28. júlí 2015 um umsögn vegna leyfis til reksturs gististaðar í flokki III í Ljósafossskóla, Grímsnes- og Grafningshreppi. Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við að leyfið verði veitt en óskar jafnframt eftir afriti af rekstarleyfi þegar það er gefið út.

8. Fyrirkomulag stjórnunar í Kerhólsskóla.

Fyrir liggur samningur milli Grímsnes- og Grafningshrepps og Skólastofunnar slf. – rannsóknir – ráðgjöf um störf starfsmanns Skólastofunnar, Ingvars Sigurgeirssonar um æskilegt fyrirkomulag stjórnunar í Kerhólsskóla. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða fyrirbyggjandi samning.

9. Bréf frá Innanríkisráðuneyti vegna stjórnsýslukæru Jóns Péturssonar.

Fyrir liggur bréf frá Innanríkisráðuneytinu, dagsett 26. júní 2015 þar sem fram kemur að kveðinn hafi verið upp úrskurður í máli nr. IRR14110098, kæra Jóns Péturssonar á afgreiðslu skipulags- og byggingarnefndar Uppsveita bs., sem staðfest er af sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps. Úrskurður ráðuneytisins er sá að málinu er vísað frá. Bréfið er lagt fram til kynningar.

10. Bréf frá Eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga vegna skuldaviðmiða í ársreikningi 2014.

Fyrir liggur bréf frá Eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga, dagsett 13. júlí 2015 þar sem fram kemur að skuldahlutfall samstæðu sveitarfélagsins í ársreikningi 2014 sé 152% og þar með standist fjármál sveitarfélagsins ekki skuldareglu sveitarstjórnarlaga um 150% skuldaviðmið. Vegna þessa óskar Eftirlitsnefndin eftir að fá upplýsingar frá sveitarstjórn um hvernig skuldaviðmið sveitarstjórnarlaga verði uppfyllt.

Í þegar samþykktri fjárhagsáætlun fyrir fjárhagsárið 2015 sem samþykkt var af sveitarstjórn þann 17. desember 2014 kemur fram að skuldahlutfall sveitarfélagsins á árinu 2015 muni verða 136% og þar með verði skuldaviðmið sveitarstjórnarlaga uppfyllt. Á grundvelli stöðu sveitarfélagsins fyrstu sex mánuði þessa árs er ekki hægt að sjá að það breytist neitt.

11. Opnun tilboða í hitaveituframkvæmd að Kiðjabergi og Hesti.

Fyrir liggja tilboð í hitaveituframkvæmd að Kiðjabergi og Hesti. Kostnaðaráætlun framkvæmdanna er 44.000.000 kr. og bærust fjögur tilboð í verkið. Frá Gröfutækni ehf. að fjárhæð kr. 38.015.600. Íslandsgámum ehf. 65.915.424 kr., Kristjáni Ó. Kristjánssyni 31.541.000 kr. og Ólafi Jónssyni 24.228.000 kr. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að taka tilboði lægstbjóðanda, Ólafs Jónssonar. Á grundvelli samkomulags við sumarhúsaeigendur í Kiðjabergi og Hesti þá hefur þessi framkvæmd ekki áhrif á fjárhagsáætlun sveitarfélagsins fyrir fjárhagsárið 2015.

12. Bréf frá Björgvini Magnússyni þar sem óskað er eftir endurskoðun á álagningu fasteignagjalda 2014 og 2015 í Kiðjabergi 77.

Fyrir liggur bréf frá Björgvini Magnússyni, dagsett 7. júlí 2015 þar sem óskað er eftir að sveitarstjórn endurskoði álagningu fasteignagjalda fyrir árin 2014 og 2015 á sumarhús bréfitara að Kiðjabergi 77. Gefið var út rekstaraleyfi til reksturs gististaðar í flokki II fyrir umrædda fasteign í júlí 2013 og hefur því verið innheimtur fasteignaskattur í flokki C fyrir árin 2014 og 2015. Húsið hefur ekki verið í útleigu alla daga og er nýtt til einkanota þegar það er ekki í útleigu og því er farið fram á að greiða fasteignaskatt í flokki C skv. útleigðum gistingu en ekki allt árið. Sveitarstjórn hafnar endurskoðun fasteignagjalda fyrir frístundahúsið að Kiðjabergi 77 miðað við núverandi notkun þess.

13. Bréf frá Úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála vegna kæru á breytingu á aðal- og deiliskipulagi í landi Kerbyggðar við Seyðishóla.

Fyrir liggur bréf frá Úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála, dagsett 13. ágúst 2015 þar sem óskað er eftir gögnum vegna breytingar á aðal- og deiliskipulagi í landi Kerbyggðar við Seyðishóla.



Fjöldmörg fyrirtæki og einstaklingar leggja okkur lið með tombóluvinninga:





Grímsævintýri 2015 Takk fyrir komuna og stuðninginn ☺

Kvenfélag Grímsneshrepps hélt sín árlegu Grímsævintýri á Borg laugardaginn 8. ágúst síðastliðinn.

Að vanda mættu fjölmargir á hátíðina, kvenfélagskonur þakka öllum þeim sem gerðu sér ferð á Borg og/eða veittu stuðning við hátíðina á einhvern hátt. Sérstakar þakkir fá fjölskyldur kvenfélagskvenna fyrir aðstoð og stuðning ☺

Á tombólunni safnaðist dágóð upphæð sem mun renna til góðgerðar- og líknarmála á næstu mánuðum. Tilkynning um hvert upphæðin rennur mun verða birt í Hvatarblaðinu í október.

Meðfylgjandi eru nokkrar myndir frá undirbúningi sem og hátíðinni sjálfri.



Úrskurðarnefndinni hefur borist kæra vegna breytingarinnar og jafnframt er sveitarfélaginu gefinn kostur á að tjá sig um kæruna. Sveitarstjórn vísar málinu til skipulagsfulltrúa sveitarfélagsins, Péturs Inga Haraldssonar.

14. Tillaga Landsnets að kerfisáætlun 2015-2024 og umhverfis-skýrslu.

Fyrir liggur tillaga Landsnets að kerfisáætlun 2015-2024 um áætlaða þróun notkunar og framleiðslu raforku tengdri flutnings-kerfinu. Jafnframt liggur fyrir umhverfisskýrsla þar sem lagt er mat á umhverfisáhrif kerfisáætlunar. Frestur til að gera athugasemdir við tillögurnar er til 1. september n.k. Lagt fram til kynningar.

15. Skýrsla SASS um sumarhús – fjölda, staðsetningu og dreifingu um landið.

Fyrir liggur skýrsla Samtaka Sunnlenskra sveitarfélaga um sumarhús, fjölda þeirra, staðsetningu og dreifingu þeirra um landið. Skýrslan lögð fram til kynningar.

16. Stefnumörkun um nýtingu vindafls, kynnisferð til Skotlands 16. – 19. mars 2015.

Fyrir liggur minnisblað um kynnisferð skipulagsnefndar og fleiri til Skotlands í mars s.l. Lagt fram til kynningar.

17. Aðalfundur Vottunarstofunnar Túns.

Fyrir liggur fundarboð aðalfundar Vottunarstofunnar Túns ehf. sem haldinn verður 24. ágúst n.k. í Reykjavík. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að Sigrún Jóna Jónsdóttir verði fulltrúi sveitarfélagsins á aðalfundinum.

18. Bréf frá Öryrkjabandalagi Íslands um aðgengileg ferðasalarni fyrir fatlað fólk á almennum viðburðum og hátíðum.

Fyrir liggur bréf frá Öryrkjabandalagi Íslands, dagsett 21. júlí 2015 um aðgengileg ferðasalarni fyrir fatlað fólk á almennum viðburðum og hátíðum á vegum sveitarfélaga og ríkisins. Bréfið lagt fram til kynningar.

19. Afrit af bréfi frá Vegagerðinni þar sem tilkynnt er um niðurfellingu Ásgarðsvegar af vegaskrá.

Fyrir liggur afrit af bréfi frá Vegagerðinni, dagsett 6. júlí 2015 þar sem tilkynnt er um niðurfellingu Ásgarðsvegar af vegaskrá. Bréfið lagt fram til kynningar.

20. Bréf frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga um úthlutun úr Námsgagnasjóði 2015.

Fyrir liggur bréf frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, dagsett 23. júní 2015 um úthlutun sambandsins úr Námsgagnasjóði. Kerhólsskóla var úthlutað styrk að fjárhæð kr. 44.136. Bréfið lagt fram til kynningar.

21. Access Iceland, úttekt á aðgengismálum sveitarfélaga.

Fyrir liggur bréf frá Access Iceland þar sem boðið er upp á úttekt á aðgengismálum sveitarfélaga. Bréfið lagt fram til kynningar.

22. Bréf frá Kvenréttindafélagi Íslands ásamt 19. júní, ársriti Kvenréttindafélags Íslands.

Fyrir liggur bréf frá Kvenréttindafélagi Íslands, dagsett 21. júlí 2015 ásamt 19. júní, ársriti Kvenréttindafélags Íslands. Lagt fram til kynningar.

23. Bréf frá Ríkisskattstjóra ásamt álagningarskrá opinberra gjalda 2015.

Fyrir liggur bréf frá Ríkisskattstjóra, dagsett 20. júlí 2015 ásamt álagningarskrá opinberra gjalda 2015. Lagt fram til kynningar.

24. Fjarskiptamál Grímsnes- og Grafningshrepps.

Rætt var um fjarskiptamál í sveitarfélaginu. Sveitarstjórn felur Tæknisviði Uppsveita að gera úttekt núverandi stöðu og kostnaðarmeta ljósleiðaravæðingu sveitarfélagsins.

25. Borgarbraut 20.

Á fundi sveitarstjórnar þann 3. júní s.l. var samþykkt breyting á deiliskipulagi að Borgarbraut 20 á Borg. Samþykkt var að grenndarkynna breytinguna fyrir lóðarhöfum að Borgarbraut 8-18. Sveitarstjórn samþykkir að breytingin verði einnig grenndarkynnt fyrir lóðarhöfum að Borgarbraut 28-32.



Ljósmyndakeppni Grímsnes- og Grafningshrepps 2015

Atvinnumálanefnd kynnir fyrir ykkur ljósmyndakeppni Grímsnes- og Grafningshrepps sem stendur frá 1. mars til og með 30. september 2015.

Flokkarnir eru eftirfarandi:

- ✓ **Landslagsmyndir** – allar landslagsmyndir teknar í sveitarfélaginu
- ✓ **Mannlífið** – sveitungar, viðburðir og daglegt líf í sveitarfélaginu
- ✓ **Frumlegasta myndin** – myndin verður að hafa þekkt kennileiti úr sveitarfélaginu í bakgrunni

Senda þarf myndirnar ásamt upplýsingum um hvar myndin er tekin, hvenær hún er tekin og nafn á ljósmyndaranum á karl@gogg.is fyrir 30. september.

Hægt er að senda inn eins margar myndir og hver vill. Tilkynnt verður um sigurvegara í byrjun nóvember og eru verðlaun í boði.

Hugmyndin á bak við keppnina er sú að safna myndum sem hugsanlega er hægt að nota í kynningarefni sveitarfélagsins sem og önnur verkefni t.d. dagatal, heimasíðu og fleira.

Áætlað er að halda ljósmyndasýningu í Sundlauginni á Borg í kjölfarið þar sem að myndirnar verða til sýnis.





Bláskógabyggð og Grímsnes- og Grafningshreppur



Vetraropnun

Vetraropnunartími gámastöðva frá 1. september til 30. apríl

	Heiðarbær	Lindarskógar	Seyðishólar	Vegholt
Mánudagur				14:00 - 16:00
Þriðjudagur	11:00 - 12:00		14:00 - 16:00	
Miðvikudagur		11:00 - 13:00		14:00 - 16:00
Fimmtudagur			14:00 - 16:00	
Föstudagur		11:00 - 13:00		14:00 - 16:00
Laugardagur	10:00 - 12:00			14:00 - 16:00
Sunnudagur		11:00 - 13:00	14:00 - 17:00	

Athugið að ofangreindur opnunartími breytist við stórhátíðir.

Lokað er á gámastöðvunum eftirtalda daga: Nýársdag - Föstudaginn langa - Páskadag - Frídag verkamanna 1. maí - Hvítasunnudag - Þjóðhátíðardaginn 17. júní - Þorláksmessu - Aðfangadag jóla - Jóladaðag - Annan í jólum og Gamlársdag.

Athugið að opið er fyrir losun heimilissorps allan sólarhringinn á öllum fjórum gámastöðvunum.

Ath.breytt símanúmer

Heilsugæslustöðvarinnar í Laugarási er:
432-2770

Heilbrigðisstofnun á Selfossi er:
432-2000



HEILBRIGÐISSTOFNUN
SUÐURLANDS

26. Skipan fulltrúa í veitunefnd Grímsnes- og Grafningshrepps.

Fyrir liggur að aðalfulltrúi C-lista og jafnframt formaður í veitunefnd, Birgir Leó Ólafsson, hefur beðist lausnar frá störfum. Fulltrúar C-lista tilnefna Gunnar Þorgeirsson sem aðalfulltrúa sinn og formann veitunefndar út kjörtímabilið 2014-2018.

27. Skipan fulltrúa í samgöngunefnd Grímsnes- og Grafningshrepps.

Fyrir liggur að aðalfulltrúi C-lista og jafnframt formaður í samgöngunefnd, Birgir Leó Ólafsson, hefur beðist lausnar frá störfum. Fulltrúar C-lista tilnefna Steinar Sigurjónsson sem aðalfulltrúa sinn og formann nefndarinnar og Björn Snorrason til vara í samgöngunefnd út kjörtímabilið 2014-2018.

Til kynningar

- ✓ Sorpstöð Suðurlands.
Fundargerð 241. stjórnarfundar 22.06 2015.
- ✓ Heilbrigðisnefnd Suðurlands.
Fundargerð 165. stjórnarfundar 29.05 2015.
- ✓ Heilbrigðisnefnd Suðurlands.
Fundargerð 166. stjórnarfundar 03.07 2015.
- ✓ SASS. Fundargerð 496. stjórnarfundar 07.08 2015.
- ✓ Samband íslenskra sveitarfélaga.
Fundargerð 829. stjórnarfundar, 03.07 2015.
- ✓ Hestamannafélagið Trausti, ársreikningur og ársskýrsla 2014.
- ✓ Vöktun á lífríki og vatnsgæðum Þingvallavatns, gagnaskýrsla fyrir árið 2014.
- ✓ Bréf frá Íþrótt- og ólympíusambandi Íslands, dagsett 29. júní 2015 vegna 72. Íþróttþings ÍSÍ ásamt ársskýrslu ÍSÍ 2015 og tölfraeðiriti.
-liggur frammi á fundinum-.
- ✓ Tímarit Öryrkjabandalags Íslands, 1. tbl. 2015.
-liggur frammi á fundinum-.

- ✓ Hvati, tímarit Íþróttasambands fatlaðra, 1. tbl. 25. árg. 2015.
-liggur frammi á fundinum-
- ✓ Lífeyrissjóður starfsmanna sveitarfélaga, ársskýrsla 2014.
-liggur frammi á fundinum-

Ekki fleira tekið fyrir og fundi slitið kl. 11:40



Haustfundur Kvenfélags Grímsneshrepps verður mánudaginn 14. september kl. 19.00 í Félagsheimilinu Borg

Dagskrá:

1. Fundargerð síðasta fundar.
2. Grímsævintýri, skilaskýrsla frá Grímsævintýranefnd og uppjör frá gjaldkera. Umræður um vel heppnuð ævintýri 2015, styrkveitingar úr tombólusjóði og val á Grímsævintýranefnd 2016.
3. Val í nefndir september 2015 - september 2016
4. Mörkin, sumarhús kvenfélagsins, yfirlit yfir framkvæmdir á árinu.
5. Haustferð kvenfélagskvenna
6. Inntaka nýrra félaga.
7. Önnur mál.

Munið eftir 500 kr. í kaffisjóðinn.

Sjáumst hressar og kátar mánudaginn 14. september n.k.

Mætum vel og tökum með okkur gesti ☺

Stjórnin

Nánari upplýsingar gefur

Laufey í síma 898 3531



Gildandi reglur frá 1999 segir að börn yngri en 15 ára eiga að nota hlífðarhjálm við hjólreiðar, nema ef læknisvottorð um undanþágu liggi fyrir.

Kerhólsskóli

séð fyrir þessum þörfum á mörgum heimilum – og lestur verði fullgild tómsundaiðja fjölmargra barna. Nú eru breyttir tímar, og löngu tímabært að skólinn líti á það sem skyldu sína að gefa yndislestri tíma og rúm, jafnvel þótt klípa þurfi það af öðru fyrirskipuðu. Það hefur allt of lengi viðgengist að hugsa sem svo að lestrarnámi barna ljúki á yngsta stigi, um leið og þau eru orðin stautandi. Það er hættulegur misskilningur.

Fyrir okkur í Kerhólsskóla var þessi ráðstefna um læsi þörf áminning um að ef til vill höfum við þörf fyrir að svara þorstanum í þeim gnægtabrunni sem við fengum dulítið að súpa af þennan dag í vesturbæ Reykjavíkur. Það segi ég óhikað, þótt vissulega sé hér á bæ í gangi markviss lestrarstefna og mjög þarfar áherslur í heimallestri og þátttöku foreldra – enda er það nú yfirlýst að endurskoða eigi lestrarstefnu skólans og setja af stað þróunarverkefni sem lúti m.a. að læsi og lestrarstefnu Kerhólsskóla.

Bjarni Þorkelsson



miðlun. Skólasöfnin eru meira en bókasöfn, þau eru miðstöðvar upplýsingaleitar, samkomustaður og athvarf, og „verða að slá í takt við aðra starfsemi skólans“ – eins og segir í kynningu á einum fyrirlestrinum. En til þess að skólasöfn geti gegnt þessu hlutverki sínu, þarf að hlú sérstaklega að þeim: Hjarta skólans hlýtur að vera frekt til fjörsins.....

12. Einn fyrirlesari vakti máls á áherslum í sérkennslu á öllum aldurstigum grunnskólans, hvort þær ættu ekki í auknum mæli að beinast að lestrarkennslu og yndislestri. Rann-sakað er að þeir sem á annað borð ná árangri í lestri og tileinka sér yndislestur, nái þar með betri árangri í formlegum þáttum móðurmáls, málfræði- og stafsetningu, betri en hinir sem miskunnarlaust eru látnir puða við þessi tilteknu atriði, þótt ekki séu læsir að gagni.
13. Í fyrirlestrinum kom margt fram um aðferðir við lestrarkennslu, sem hér verður ekki reynt að henda reiður á. Þó get ég ekki stillt mig um að nefna áherslur norska fyrirlesarans Gerd Fredheim um vissa þrískiptingu lestrarferlisins. Að mikilvægt sé að hefja það á einhvers konar forspili, inngangi eða kynningu, svo taki sjálfur lesturinn við og að lyktum sé unnið úr eða rætt um það sem lesið var.
14. Yndislestur er ágætt orð yfir það sem flestir kannast vonandi við: Að geta sökkst sér svo gjörsamlega ofaní bækurnar að gleymist stund og staður, að vita hvorki í þennan heim né annan. Þetta er ástand, sem ég held að allir hefðu gott af því að geta upplifað – og auðvitað sem fyrst á lífsleiðinni, því fyrr því betra. Það er ótrúlega margt sem lærist í leiðinni, og stuðlar að þroska og skilningi, hjálpar til við að meta stöðuna og setja sig inn í ólíkar aðstæður.
15. Niðurstaðan er þessi: Það er ögrandi verkefni fyrir skólafólk, foreldra og uppálendur alla að skapa aðstæður til þess að koma þessu í kring. Segja má að fyrrum hafi verið



Góð vísa er aldrei of oft kveðin

Það bar margt merkilegt á góma á ráðstefnunni **Læsi er lykill** í Háskólabíói og Hagaskóla þann 14. ágúst 2015. Dagskráin byggðist á aðalfyrirlestri, stuttum fyrirlestrum, kynningum, málstofum og sýningum. Fyrir ráðstefnunni stóðu

Samtök áhugafólks um skólaþróun.

Frummælendurnir strikuðu vandlega undir áherslur sem undirrituðum eru mjög að skapi, og margt var þarna talað út úr hjarta manns! Og þótt ekkert sé nýtt undir sólinni, lærðist að meta upp á nýtt ýmsar hugmyndir og hrinda fordómum, sem of lengi hefur verið dragnast með.

Hér eru fáein atriði sem tókst að henda reiður á og gjarnan má koma á framfæri og gera að umfjöllunar- og vonandi umtalsefni. Eins og sjá má, er undirritaður þegar búinn að heimfæra sumt, og máta við Kerhólsskóla.

1. Læsi og undirbúning lestrarkennslu er tvímælalaust rétt að hefja með markvissum hætti þegar í leikskóla, raunar alla leikskólagönguna – auðvitað gegnum leikinn, eins og leikskólastarfið gengur út á.
2. Að lesa fyrir börn, gildi þess verður seint ofmetið – og á vel við frá vöggu til loka grunnskólans, að minnsta kosti.
3. Í yfirskrift ráðstefnunnar kemur skýrt fram þung áhersla á að læsi, lesfimi og lesskilningur sé síkvikt viðfangsefni á öllum aldursstigum, námssviðum og námsgreinum.
4. Sjálfsagt er að setja sér háleit markmið um framför í læsi, líta til þeirra skóla og skólahverfa sem hafa farið af stað og náð árangri. Sérstök ábending kom frá einum fyrirlesaranum um að hollt væri og gott að fá utanaðkomandi aðila til þess að aðstoða við að ná markmiðunum.
5. Skráninga og kvittanakerfi á borð við það sem við notum hér í Kerhólsskóla er nauðsynlegt, líka samstarf við foreldra um þau mál. Að mati eins fyrirlesarans er nauðsynlegt að setja sér tímasett markmið, og viðhafa mælingar á árangrinum.
6. Alltaf ber að leggja frekar áherslu á það sem nemendur læra, fremur en það sem kennt er.

7. Eilífðarverkefni er það að finna tilefni og glæða áhuga á lestri, ritun og sköpun. Sagt var frá **Drekaklúbbnum**, þar sem ímyndunaraflinu er gefinn laus taumur og nemendur setja sig í ókunn spor: Einn er hugrökk prinsessa, annar drekabani, þriðji hræðileg risaeyða – o.s.frv. Ein málstofan fjallaði um ljósmyndina sem kveikju að sögu eða ljóði, og valgreinina **Ljósmyndir**, þar sem nemendur læra um myndbyggingu, myndgreiningu og ljósmyndatökur með áherslu á nærmyndir og form. A.m.k einn af kennurum Kerhólsskóla er áhugaljósmyndari sem gæti hæglega tekið að sér slíka valgrein, leyfi ég mér að segja!
8. Ef að samstaða næst um það í skóla að gera þurfi áhlaup og færa hluti til betri vegar og ná betri árangri, þarf að gera breytingar sem beinlínis stuðla að því – t.d. breytingar á stundatöflu ef það á við.
9. Skemmtilegt var að heyra um sérstaka lestrarstund í Hagaskóla, þar sem ALLIR í skólanum lesa í 20 mínútur 3x í viku – allir í einu vel að merkja, undir merkjum yndislestrar og með þeim formerkjum og aðferðum sem hæfa yndislestri og kynntar voru frekar þarna á ráðstefnunni, t.d. í afar áhugaverðum fyrirlestri Guðmundar Engilbertssonar. Hann fjallaði um gildi yndislestrar fyrir læsi og nám, og vék sérstaklega að gildi myndasögunnar í ljósi rannsókna og hugmynda um marghátta læsi. Guðmundur þessi hefur raunar lagt á ráðin um læsismál í Hagaskóla og víðar.
10. Í yndislestri er sjálfsagt að viðurkenna og meta að verðleikum ýmislegt lesefni sem stundum hefur ekki þótt góður pappír. Þar er fyrst að nefna myndasögur, sem eru tilvaldar.....og sumar afar vel þýddar. Nýstárleg orð koma tíðum fyrir og orðaforði er mjög góður, samkvæmt rannsókn sem vitnað var í.
11. Slíkur lestur kallar á aukið bókaúrval, líka myndasögu-bækur! Hér er skólasafnið í lykilhlutverki, en líka mætti hugsa sér að foreldrar og aðrir leggðu til bækur (Mynd: Barnavagn fullur af bókum). Fram kom í fyrirlestrum að skólasöfnin ættu að vera hjarta skólanna. Þar fari fram